Stjórnarfundur foreldrafélags Kársnesskóla, 16. október 2019

Mætt: Helga Guðný Sigurðardóttir, Bergrún Óladóttir, Katrín Þrastardóttir, Anna Rós Sigmundsdóttir, Aðalsteinn Möller og Jóhannes Hauksson, Jóna Björg Jónsdóttir.

Dagskrá:

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar.
2. Farið yfir hver mun ræða hvað og efni bekkjarfulltrúafundar.
3. Farið yfir hvað þarf að hafa í huga varðandi jólaföndur - tengiliður jólaföndursnefndar
4. Farið yfir fjárhagsstöðu - skipti á gjaldkerum.
5. Skólaráðsfulltrúi - Þarf að tilnefnda einn til viðbótar við Sigríði Þrúði
6. Önnur mál.

Bekkjarfulltrúafundur hefst kl. 19:00
Fræðsluerindi um kvíða hefst kl. 20:00 (á vegum skólans).

Niðurstaða

1. Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar.

2. Anna Rós tók að sér að fara yfir það helsta er varðar bekkjarfulltrúa og hvers ætlast er af þeim. Hún fór vel yfir efni Heimila og skóla og kom því vel frá sér. Hún talaði meðal annars um mikilvægi þess að foreldrar bekkjarfélaga kynnist og foreldrasáttmálann en honum er ætlað að vekja uppalendur til vitundar um mikilvægi þess að sýna uppvexti og skólagöngu barna sinna og unglinga áhuga og setja þeim skýr mörk. Einnig tekur sáttmálinn til eineltis, samábyrgðar og reglna um notkun á tækni eins og tölvuleikjum og aðgengi að netinu og snjallsímum en í þeim málum er mikilvægt fyrir foreldra að geta haft samráð. Boðið var upp á pizzur og tókst fyrirlesturinn vel. Ætla má að um 25 foreldrar hafi mætt á fundinn.

3. Hið árlega jólaföndur var til umræðu, ákveðið var að halda það þann **23. nóvember milli 11-14.** Bergrún ætlar að koma Jóhannesi sem er tengiliður jólaföndursins saman við Ingu Sig. sem er öllum hnútum kunnug. Það þarf að panta föndurdótið sem fyrst svo allt verði klárt fyrir 23. nóvember. Nauðsynlegt er að fá a.m.k. 2-4 sjálfboðaliða en þeir hafa undanfarin ár tengst börnun á yngsta stigi. 10. bekkingum verður boðið að vera með kaffisölu gegn því að aðstoða við frágang. ***Anna Rós ætlar að auglýsa atburðinn strax.***

4. Núverandi og fráfarandi gjaldkerar voru fjarverandi. Við tökum þennan lið á næsta fund. Hinsvegar þurfum við að vita hvort búið sé að senda út greiðsluseðla. Signý staðfesti að svo væri ekki en verið væri að greiða út bekkjarstyrki. Stjórn þarf að undirrita yfirlýsingu vegna gjaldkeraskipta.

5. Sigríður Þrúður hefur samþykkt að taka að sér að vera skólaráðsfulltrúi og til þess að uppfylla kvótann hefur Aðalsteinn boðið sig fram með Sigríði.

6. Jóna Björg hefur ákveðið að taka við röltstjórn af Bergrúnu. Hún mun sjá til þess að listinn verði uppfærður með þeim foreldrum sem taka að sér röltið. Rætt var um að fá að geyma „töskuna“ í Krambúðinni, **Jóna ætlar að athuga það.** Einnig var rætt um að byrja fyrr á foreldraröltinu þ.e. klukkan 22:00 í stað 22:30. ***Anna Rós skoðar***.

Gaman að segja frá því að kynntar voru nýjar skemmtilegar reglur fyrir foreldraröltið sem vonandi hvetur foreldra til að taka röltið. Þessar reglur hafa verið settar inn á facebook síðu foreldrafélags Kársnesskóla.

Svör bárust frá Björgu skólastjóra varðandi lengd matartíma barna í Kársnesskóla. Sagði hún að ekki væri hægt að breyta aðstöðu matarlínu. Hún benti aftur á að þegar nýr barnaskóli verður tilbúinn mun aðstaðan breytast í stóra Kársnes. Ákveðið var að bóka hádegisfund með Björgu, fara aftur yfir málin og sjá með eigin augum hvernig aðstaðan er. Stjórn foreldrafélags hefur borist of margar athugasemdir um málið til að skoða málið ekki frekar. Jafnframt þökkum við Björgu fyrir skjót svör. ***Anna Rós boðar fund.***

Fundi slitið.